

Umgenngisreglur.

- Íbúum er skylt að ganga þrifalega og hljóðlega um húsnæðið og sameiginlegt húsrými og lóð. Íbúar eiga ekki að raska friði og ró í húsinu að óþörfu.
- Allir íbúar hafa rétt á að nota sameiginlegu rýmin, og eru hvattir til þess að ganga snyrtilega um þau. Íbúar eru hvattir til að hafa nágranna sína og svefnfrið þeirra í huga.
- Öll notkun tóbaks er bönnuð í húsnæðum FÉSTA. Íbúar eru hvattir til að halda neyslu áfengis í lágmarki og drekka skynsamlega.
- Íbúar eiga ekki að gera nokkuð sem raskað getur svefnfrið nágranna sinna milli 24:00 og 7:00. Æskilegt er að útidyr hússins séu læstar á þessum tíma.
- Íbúar eru minntir á að í húsnæði FÉSTA búa háskólanemar, og þó þeir séu ekki allir undir sama vinnuálagi þá er prófatími jafnan í desember og frá lok apríl fram í maí.
- Íbúar eru beðnir um að slökkva ljós í sameiginlegum rýmum þegar þau eru ekki í notkun, hiti og rafmagn er á sameiginlegum mælum og kostnaður deilist meðal íbúa.
- Gæludýrahald er með öllu bannað í húsnæði FÉSTA.
- Íbúar skulu gæta fyllsta hreinlætis í öllum geymslum. Þar er óheimilt að geyma nokkuð sem getur valdið óþrifum eða vondri lykt. Í sameiginlegri reiðhjóla- og vagnageymslu er einungis heimilt að geyma reiðhjól og vagna.
- Íbúar eiga ekki að geyma reiðhjól eða aðra hluti þar sem þeir geta verið fyrir öðrum, svo sem fyrir inngangi, í stigagöngum eða sameiginlegum rýmum. Íbúar eru hvattir til að skilja ekki ökutæki sín eftir í gangi fyrir utan húsin.
- Íbúar eiga að ganga frá öllu rusli í ruslageymslur. Við öll hús FÉSTA eru flokkunargámar sem íbúar eru hvattir til að nota. Íbúar eru minntir á að dósir og flöskur má flokka og fara með í endurvinnslu og fá greitt fyrir.
- Öllum íbúum hússins er heimil jöfn afnot af þvottahúsi frá kl. 08.00 til kl. 24.00. Afnot af þvottavél og þurrkara er innifalin í leigunni og íbúum ber að ganga snyrtilega um þvottahús og fylgja reglum þar. Ef eitthvað kemur upp á varðandi þvottahúsið eða tækin þar inni eru íbúar beðnir um að láta prófast hússins vita.
- Þessar reglur eru teknar saman til þess að íbúar séu meðvitaðir um skyldur sínar varðandi umgengi sína um húsnæði FÉSTA, og til að minna þá á að sýna tillitssemi gagnvart nágrönnum sínum.

